

Kirkjuþing 2020-2021.

27. mál - þskj. 27.

T I L L A G A

til þingsályktunar um að skipa nefnd til að endurskoða starfsreglur um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017, með síðari breytingum, og starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 333/2017.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af Guðmundi Þór Guðmundssyni, Önnu Guðrúnu Sigurvinsdóttur, Örnú Grétarsdóttur, Guðrúnu Karls Helgudóttur, Hreiðari Erni Zoëga Stefánssyni, Skúla S. Ólafssyni, Svönu Helen Björnsdóttur.
Frsm. Guðmundur Þór Guðmundsson.

Kirkjuþing 2020-2021 ályktar að kjósa þriggja manna nefnd til að endurskoða starfsreglur um kjör til kirkjuþings og starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa og semja tillögur að nýjum starfsreglum. Tillögurnar miði einkum að því að tryggja að kosningakerfi þjóðkirkjunnar sé lýðræðislegt og að jafnræðis sé gætt.

Greinargerð.

1. Atkvæðavægi við kosningar til kirkjuþings.

Kjördæmaskipan til kirkjuþings í dag leiðir í sér að fleiri þjóðkirkjumenn eru að baki hvers kirkjuþingsfulltrúa í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum heldur en í öðrum kjördæmum. Leikmenn á kirkjuþingi eru 17 talsins. Þjóðkirkjumenn þann 1.12.2019 voru 231.163. Að meðaltali eru 13.597 þjóðkirkjumenn fyrir hvern leikmann á kirkjuþingi.

Núverandi kjördæmaskipan þar sem kjördæmin eru 9 talsins riðlar réttlátri dreifingu þingsætanna eftir fjölda þjóðkirkjumanna í hverju kjördæmi. Á bak við sæti leikmanns í Vestfjarðaprófastsdæmi eru 4.917 manns en í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra eru 20.408 félagsmenn á bak við hvert sæti. Munurinn er því sem næst fjórfaldur. Einfaldasta lausnin á þessu misræmi er að afnema kjördæmaskipanina og kjósa á landsvísu. Ef það er ekki talið raunhæft skref í dag væri hugsanleg málamiðlun að taka upp sömu kjördæmaskipan og fyrir vígða þjóna, þ.e. 3 kjördæmi.

Þá yrði fjöldi félagsmanna í þjóðkirkjunni eftirfarandi:

Reykjavíkurkjördæmi 154.051. Miðað við meðaltalsregluna væru 11 sæti, en í dag eru þau 9.

Skálholtskjördæmi 39.049 og ætti að hafa 3 sæti, en í dag eru þau 4.

Hólakjördæmi 38.063 og ætti að hafa 3 sæti en í dag eru þau 4.

Þegar kemur að vígðum þjónum og sömu nálgun beitt og hvað varðar leikmenn, eru 19.264 félagar í þjóðkirkjunni á hvert sæti vígðra á kirkjuþingi. Það gefur eftirfarandi niðurstöðu:

Reykjavíkurdæmi 154.051. Miðað við meðaltalsregluna væru 8 sæti vígðra, en í dag eru þau 6.

Skálholtskjördæmi 39.049 og ætti að hafa 2 sæti, en í dag eru þau 3. Hólakjördæmi 38.063 og ætti að hafa 2 sæti, en í dag eru þau 3.

Samkvæmt þessu ætti Reykjavíkurdæmi (Reykjavíkurdæmi vestra- og eystra og Kjalarnesprófastsdæmi) að fá fjögur sæti samtals til viðbótar á kirkjuþingi, tvö sæti leikra og tvö sæti vígðra. Skálholts- og Hólakjördæmi myndu hafa færri þingsæti sem því næmi.

Ákvæðum stjórnarskrár um kjördæmi við kosningar til Alþingis var breytt árið 1999 til að jafna atkvæðisrétt milli kjördæma en verulegur munur hafði skapast á milli kjördæma landsins. Í skýrslu forsætisráðherra um endurskoðun á kjördæmaskipun og tilhögun kosninga til Alþingis sem lögð var fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99 segir m.a. þetta:

*Þótt skiptar skoðanir séu um það hversu stór kjördæmin eigi að vera og hvernig beri að standa að úthlutun þingsæta náðist máламиðlun í nefndinni. Það er byggt á þeirri forsendu að **kjördæmin** séu með svipaðan fjölda þingsæta (5 10 kjördæmasæti í hverju kjördæmi) og þeim **úthlutað eftir d'Hondt-reglu**. Í samræmi við fyrrgreint markmið um að draga úr misvægi atkvæða hefur nefndin gengið út frá því að misvægi milli atkvæða kjósenda í einstökum kjördæmum mætti helst ekki verða meira en 1:1,5–1,8 og alls ekki meira en 1:2*

Skýrslan er aðgengileg á vef Alþingis hér:

<https://www.althingi.is/altext/123/s/0141.html>

Í frumvarpi því til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum sem varð að lögum á Alþingi árið 1999 segir m.a. svo í greinargerð:

„Að draga úr misvægi atkvæða þannig að hlutfall kjósenda að baki hverju þingsæti þar sem munurinn er mestur milli kjördæma verði sem næst 1:1,5 til 1:1,8.“

Frumvarpið er aðgengilegt hér: <https://www.althingi.is/altext/123/s/0288.html>

2. Biskupskjör.

Kosningakerfi við biskupskjör þarfnast endurskoðunar við ekki síst hvað varðar leikmenn sérstaklega. Reykjavíkurdæmi eystra er t.d. með 171 atkvæði leikmanna við biskupskjör og þar með 287 þjóðkirkjumenn á bak við hvert atkvæði. Vesturlandsprófastsdæmi er með 127 atkvæði við biskupskjör og þar með 97 þjóðkirkjumenn á bak við hvert atkvæði.

Ein grundvallarregla réttarríkis er jafnræðisregla. Kosningaréttur telst til mikilvægra mannréttinda. Með hliðsjón af stöðu Þjóðkirkjunnar í samfélaginu verður að gera kröfu til þess að skipulag hennar sé lýðræðislegt og afsláttur ekki veittur af þessum grundvallar mannréttindum þjóðkirkjumanna.

Lagt er til að kirkjuþing kjósi nefnd þriggja manna til að fara yfir regluverkið. Mikilvægt er að nefndin hafi mikið svigrúm til að gera breytingatillögur. Eðlilegt er að nefndin taki til rækilegrar athugunar hvort ekki sé eðlilegast að allir félagsmenn trúfélagsins Þjóðkirkjunnar, 18 ára og eldri, hafi kosningarrétt við kjör til kirkjuþings og við kosningu

biskups Íslands og vígslubiskupa. Enn fremur hvort afnema eigi skiptingu kirkjuþings í kjördeildir leikra og vígðra.

Í fylgiskjali með málinu er yfirlit yfir atkvæðavægi við kirkjuþingskjör miðað við 1. desember 2019 og hvernig atkvæði skiptast milli kjördæma leikra og vígðra. Einnig er yfirlit yfir kjörnefndir í prestaköllum landsins og hvernig atkvæði kjörnefndarmanna skiptast á milli prófastsdæma. Þá fylgir kostnaðarumsögn með málinu.